

## FUNDARGERÐ

**Miðvikudaginn 9. desember 2015 kl. 12:00** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til símafundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi ráðuneytisins á 1. hæð, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gyldfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur og Guðna Geir Einarssyni.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

#### GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2016

Lögð voru fram til kynningar endurskoðuð drög að greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins vegna verkefnisins á árinu 2016 þar sem tekið var tillit til endanlegrar niðurstöðu úr viðræðum ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Auknar tekjur vegna málaflokksins eru 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og er áætlað að þær nemi allt að 1.500 m.kr. á árinu 2016.

Þessar auknu tekjur málaflokksins gera það að verkum að möguleiki er á að lækka framlag úr Fasteignasjóði í Jöfnunarsjóð á árinu um 490 m.kr. og styrkja þannig eigið fé Fasteignasjóðsins en fram hafa komið hugmyndir um að auka verkefni hans í framtíðinni. Framlagið úr Fasteignasjóðnum verður þá eingöngu andvirði leigu tveggja fasteigna sem enn eru í eigu sjóðsins og nemur 10 m.kr. í stað 500 m.kr.

Einnig er möguleiki á að hækka áætlað ráðstöfunarfjármagn til greiðslu sérstakra viðbótarframlaga á árinu 2016 úr 200 m.kr. í 400 m.kr.

#### ENDURSKOÐUN REGLUGERÐAR VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2016

Á fundi nefndarinnar 27. nóvember sl. var lagt til að eftirfarandi tillögur að breytingu á reglugerðinni væru skoðaðar betur fyrir næsta fund nefndarinnar og áhrif þeirra á útreikninga almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk:

- Vægi mælinga á útgjaldaþörf væri hækkað úr 80% í 85% og vægi áætlaðs útsvarsstofns lækkað úr 20% í 14%
- Við útreikning framlaganna væri bætt við breytni vegna fjarlægða sem hefði 1% vægi.
- Skoðuð væru áhrif þess ef ákvæðinu um 33% regluna við mælingu á útgjaldaþörf væri breytt í 25%.

Nefndin tók framangreindar tillögur um mögulegar breytingar á reglugerðinni á ný til umfjöllunar og var sammála um að leggja til að ekki yrði gengið lengra hvað breytingar á reglugerð á árinu 2016 varðar.

Möguleg hækkun viðbótarframlagsins úr 200,0 m.kr. í 400,0 m.kr. verður rædd á næsta fundi nefndarinnar ásamt mögulegum verklagsreglum við úthlutun þeirra framlaga. Einnig verður rædd tillaga um að setja í reglugerðina ákvæði er heimilar úthlutun framlaga til einstakra verkefna, nýsköpunar og þróunar í málaflokknum, sbr. Önnur framlög í reglugerð um yfirfærslu grunnskólans.

#### ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2016

Lagðar voru fram til kynningar ýmsar sviðsmyndir sem sýna áhrif ýmissa breytinga á regluverkinu á útreikning almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Nefndin var sammála um að leggja til að við útreikning áætlaðra almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016 væri gengið út frá þeim breytingum sem tilgreindar eru hér að framan undir umfjöllun um endurskoðun á reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.

### **BERGRISINN – ÞJÓNUSTUSVÆÐI SUÐURLANDS**

Lagt var fram til kynningar erindi frá stjórn Bergrisans, byggðasamlags sveitarfélaga á þjónustusvæði vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi, dags. 7. desember 2015.

Í erindinu er óskað eftir því að jöfnunaraðgerðir verði endurskoðaðar með tilliti til aðstæðna á þjónustusvæðinu. Fram kemur að útsvarsstofn á svæðinu sé mjög veikur og því sé mikilvægt fyrir svæðið að mæld stuðningsþörf fái aukið vægi í útreikningi almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk og hækki helst úr 80% í 90%.

Þá er óskað eftir því að tekið sé tillit til þess við ákvörðun framlaga til svæðisins að svæðið njóti ekki framlaga vegna nokkurs fjölda einstaklinga sem falla í þrjá lágstu flokka SIS-matsins. Þjónustusvæðið hefur greitt framlög með þessum einstaklingum og á það sinn þátt í slæmri fjárhagsstöðu þess.

Þá er varað við þeirri breytingu að hætta greiðslu framlaga með þeim einstaklingum sem falla í 4. flokk SIS-matsins, því fjöldi þeirra er nokkur á svæðinu og muni það auka enn á vanda svæðisins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Bergrisans væri svarað þegar ný reglugerð um málefni fatlaðs fólks á árinu 2016 lægi fyrir.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 13:00.

Elín Pálsdóttir

